

BORGARRÁÐ 20. ágúst 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um mat á starfsumhverfi starfsfólks sem kemur fyrir borgarráð - R20080111

Yfirstjórn Reykjavíkur, en hana skipa borgarstjóri og sviðstjórar Reykjavíkurborgar, ákvað einhliða á fundi í júlí að athuga starfsumhverfi starfsfólks Reykjavíkurborgar sem kemur fyrir borgarráð. Athugunin lýtur að sálfélagslegum áhættuþáttum í umhverfi starfsfólks sem situr fundi eða kemur reglulega fyrir borgarráð. Eftir verðfyrirspurn til aðila var gengið frá samning við Líf og sál sálfræðistofu um þetta verkefni. 1. Hvaða fyrirtækjum var boðið að sinna verkefninu með verðfyrirspurn? 2. Hvaða verð gáfu þessi fyrirtæki í verkefnið tæmandi talið? 3. Hvað kemur Líf og sál ehf. til með að fá greitt fyrir að taka verkefnið að sér? 4. Var samið um eina greiðslu eða fær Líf og sál ehf. einnig greitt fyrir aukaverk sem kannski falla til? 5. Af hverju munu að skýrslugerð starfsmenn Lífs og sálar ehf ekki ræða skýrsluna eða einstaka þætti athugunarinnar við aðra en verkbeiddanda? 6. Á ekki að kynna skýrsluna fyrir borgarráði? 7. Á hvaða lagagrunni fer þessi vinna fram? 8. Kynnt er að endanleg útgáfa af frásögn viðmælanda verði í vörslu Líf og sálar ehf. sem gagn í málinu og ekki afhent öðrum nema að undangengnum dómsúrskurði. Er verið að trimma upp dómsmál milli embættismanna og kjörinna fulltrúa? 9. Ef já – hvernig eiga kjörnir fulltrúar að verja sig fyrir dómi í þeim ásökunum sem kunna að koma fram í skýrslunni ef þeir hafa aldrei séð hana? 10. Er búið að kalla eftir áliti Persónuverndar hvort þessi „athugun“ standist ný persónuverndarlög?